



Reykjavík, 9. febrúar 2024

MSS24020046

Bílastæðasjóður

Verklag varðandi notkun sérmerktra bílastæða (P- stæða) í bílakjöllurum

Upp hafa komið vandkvæði vegna verklags varðandi P-stæði í bílakjallara Ráðhúss Reykjavíkur. Verklagið er með þeim hætti að fólk með P-merki hringir og skráir sig inn í bílastæðahús svo það geti lagt, gjaldfrjálst, í P-stæði. Verklagið nær ekki utan um aðstæður þar sem bílastæðahúsin eru samkvæmt talningu full og eingöngu hægt að hleypa inn fólki með áskrift.

P-stæði í ráðhúsi eru ekki sérstaklega tilgreind á skjá við komu og því ekki hægt að sjá hvort þau eru í notkun eða ekki. Bílastæðasjóður heldur ekki utan um hvort P-stæðin tvö séu laus þrátt fyrir þá kröfu að fólk með P-merki þurfi að hringja sérstaklega í bílastæðasjóð og skrá sig inn í bílastæðahúsið. Fólk með P-merki sem ferðast á bíl vegna vetrarfærðar er oftast en ekki ókleift að fara um með öðrum hætti og á í miklum erfiðleikum við að leggja utandyra og komast út úr bílnum.

Ljóst er að núverandi verklag gengur ekki upp og gerir það að verkum að fólk með P-merki getur ekki nýtt sér bílastæðahús með ásættanlegum hætti.

Fulltrúar borgalögmanns og umhverfis- og skipulagssviðs komu á fund aðgengis- og samráðnefndar um málefni fatlaðs fólks í Reykjavík, þann 4. maí 2023 og kynntu bráðabirgðalausn sem nú þarf að endurskoða.

Óskað er eftir fundi með fulltrúum Bílastæðasjóðs til að fara yfir verklagið og finna lausn á þessum vanda.

Virðingarfyllt,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Afrit:
Borgarlögmaður
Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa stjórnsýslu og gæða